

DESEMBER 1982 64

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Lífið eftir dauðann er líkamlegt jarðlíf, engu síður en lífið hér á
jörðu.

Helgi Pjeturss



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Sverðbjarminn

(Sjá forsíðumynd)

Eitt af furðum kvöldhiminsins er sverðbjarminn (Zodiacal Light). Sjaldan sést hann frá Íslandi eða í öðrum norðlægum löndum, en helst þó að kvöldi til eða fyrir sólris.

Best sést sverðbjarminn í hitabeltislöndum, þar sem sólbaugur er hæst á himni.

Sverðbjarminn er daufur og stefnir út frá sólu í sólbaugsátt. Þessi bjarmi stafar af dreifingu ljóss frá aragrúa örsmárra efnisagna sem sveima um sól nálægt fleti sólkerfisins.

Ingvar Agnarsson.

Félagsfundur 3. febrúar 1982

Félagsfundur Nýalssinna var haldinn að Álfhólsvegi 121, 3. febr. 1982.

Vegna fjarveru starfandi formanns setti *Porsteinn Guðjónsson* fundinn kl. 9, og las fundargerð frá 6. janúar 1982. Fundargerðin var samþykkt.

Pessu næst las Porsteinn upp grein Porsteins Þorsteinssonar lífefnafræðings: **Líf og líforka**, sem birzt hefur í Lífgeislum 34. tölublaði. Ýmislegt var rætt um ritgerð þessa, bæði af þeim sem las, af *Pétri Gíslasyni, Gunnari Hjörvar, Sveini Haraldssyni* og fleirum.

Umræður beindust í heimspekilega átt, og vard það samkvæði viðstaddir, að lífið þyrfti hjálp til að komast á legg úr líflausu efni hverrar jarðar og að hver maður þyrfti hjálp og yrði hennar aðnjótandi, fyrir lífgeislan frá fullkomnari stöðum alheimsins.

Fundi var slitið um kl. 22,15.

*Porsteinn Guðjónsson,
fundarritari.*

Kynningarfundur 7. febrúar 1982

Erindi, umræður og tónlist.

Pór Jakobsson, veðurfræðingur, sem er Nýalssinnum áður að góðu kunnur sem fyrillesari, var frummælandi á fundi sem félagið hélt að Álfhólsvegi 121, 7. febrúar 1982, og talaði hann einkum út frá efni bóka um heilann og taugakerfið, eftir nýja nóbelsverð-launamanninn *Sperry*, og annarri eftir *Eccles*, sem hefur skrifad bók með nafninu: *Sjálfid og heili þess* (eða öllu heldur hugurinn og heili hans). Telur Eccles, þó að hann þekki með mikilli nákvæmni hin ýmsu efnaskipti og rafboð sem eru samfara lífinu, lífshræringunum og meðvitundinni, að eitthvað annað og meira komi þar til skjalanna sem lífið er, einhver stjórnandi og samstillandi þáttur eða afl, sem efnishræringarnar lúti fremur en að þær skapi slíkt upp fyrir sig. Um þetta efni ræddi Pór Jakobsson í inngangserindi sínu en síðan hófust umræður, og tóku margir þátt í þeim: *Ingvar Agnarsson, Birgir Georgsson, Guðmundur á Kópsvatni, Olgeir Möller, Ævar Jóhannesson, Gunnar Hjörvar, Ingólfur Majasson, Guðmundur Kristjánsson* og e. t. v. fleiri.

Annar aðalhluti fundarins voru **tónleikar** sem þau *Már Magnússon*, óperusöngvari og *Christina Cortes*, píanóleikari héldu fyrir fundargesti. Már söng nokkur lög eftir Hallgrím Helgason. Þó að sá sem þetta ritar kunni ekki að dæma um slíka hluti, hyggur hann að þetta efni hafi verið flutt af sannri list, enda var auðfundið, að þarna myndaðist þetta samband milli áheyrenda og flytjenda, sem er undirstaða þess að vel takist. Áheyrendur klöppuðu lof í lófa, og komu þau Már og Christina þá fram að nýju og fluttu sem aukalag „Tónarnir“.

Er óhætt að segja að þessi ágæta heimsókn þeirra Más og Christinu gaf fundinum svip og yfirbragð sem gleymist ekki, enda hygg ég að hann hafi verið áhrifagóður, og fólk farið í léttu skapi heim. En þá vildi ég víkja aftur að umræðunum.

Pór Jakobsson er reyndar – í hjáverkum, eins og allir sem að slíkum málum starfa – ritstjóri Morguns, tímarits Sálarrannsóknafélags Íslands, og var í byrjun dálitið um það að menn væntu þess að hann kæmi fram sem fulltrúi þeirra skoðana, sem lengi hafa verið ríkjandi í því félagi. Líkara var þó því, að hann kæmi fram sem fulltrúi þeirrar fræðigreinar sem nefnd er parapsychology eða fyrirburðafræði, en sú grein hefur að álti margra Nýalssinna og e. t. v. ýmissa annarra, naumast sýnt nógu vel ennþá hvers hún mætti vera megnug. En að álti margra háskólamanna víða um lönd hefur það verið að algallinn á þeirri grein, að hún skuli vera til. Fyrirburðafræðin er því eins og milli steins og sleggju, þeirra sem vilja að hún komi skörulegar fram og þeirra sem vilja ekki leyfa henni að koma fram.

Ingvar Agnarsson vakti athygli á því, að þar sem fyrirburðafræðin stígur varla spor í þá átt að álykta af staðreyndunum, er í sumum greinum eins og t. d. stjörnufræði (þar sem margt hefur ágætlega sannazt og með vissu fundið verið), leyft að menn haldi fram hinum furðulegustu hlutum, án þess að hafa nokkrar staðreyndir við að styðjast. Svo er til dæmis um hin svonefndu „svörtu göt“, sem engin einasta athugun styður eða byggir undir, og samt láta menn þetta gott heita og halda áfram að fimbulfamba um það sem hvergi á sér stað nema í þeirra eigin heilabúi. En í fyrirburðafræðinni, þar sem óteljandi dæmi og staðreyndir liggja fyrir, þora menn engar ályktanir að draga, en heimta sífellt fleiri sannanir fyrir því sem löngu er sannað.

Birgir Georgsson spurði Pór að því, hvort hann hefði sem stjórnarmaður í Sálarrannsóknafélagi Íslands orðið nokkuð var við áhuga

á íslenzkri hugsun, því, að Íslendingar ættu að hafa forystu um að koma áleidis þessum málum, það er fyrirburðafræði og sálarrannsóknum.

Pór kvaðst ekki muna eftir því, og taldi sig vera einna hlynntastan því máli í þeirri stjórn.

Pór spurði Nýalssinna hvort þeir væru vissir um að þetta sem þeir væru að halda fram, væri rétt, eða hvort þeir teldu það aðeins tilgátu.

Porsteinn Guðjónsson sagði að hver maður yrði að leggja sinn eigin mælikvarda á það hvað væri honum tilgáтур og hvað vissa. Það væri engin von að allir gætu tekið sama skrefið samtímis. Varðandi það hvort höfundur þess málefnis sem Nýalssinnar kenna sig við hefði verið „of viss“ um niðurstöður sínar, þá kvaðst Porsteinn halda að aldrei hefði sá brautryðjandi komið fram í vísinum sem efast hefði um niðurstöðir sínar – þessar sem reyndust vera hinari brautryðjandi. Annað mál er það að það var sjaldnast fyrr en eftir langvinnt og erfitt starf, sem slíkir menn komust að þeim niðurstöðum.

Ingólfur Majasson, gestur á fundinum, minnti á sambandsfund sem Nýalssinnar héldu fyrir allmögum árum, og sagði hann þann fund hafa verið mjög öflugan og m. a. hefðu kunnir framliðnir stjórnmalamenn náð að koma þar fram á sannfærandi hátt.

Gunnar Hjörvar sagði frá því að hann hefði tekið allmarga miðilsfundi upp á segulband og meðal annars kæmu þar fram þeir stjórnmalamenn sem á hefði verið minntz.

Guðmundur Jónsson spurði um endurburðarkenninguna meðal fyrirburðafræðinga.

Pór kvaðst þekkja vel dr. *Ian Stevenson*, sem dregið hefur saman fjölda dæma af því tagi, sem sumir hafa talið styðja endurburð, og taldi að sa aðhylltist það að svo væri, þó að hann færi mjög varlega.

Porsteinn spurði þá hvort Pór hefði orðið þess var að Stevenson hefði íhugað aðra skýringu, á þessum sömu dænum og athugunum. En Pór kvaðst ekki hafa orðið var við það. Porsteinn sagðist þá hafa verið, um þær mundir sem Stevenson var að byrja að birta þessar endurburðar-niðurstöður sínar, í bréfasambandi við indverskan prófessor *C. T. K. Chari*, sem taldi það ranga aðferð að túlka slík dæmi undireins sem stuðning við endurburð, því allt eins líklegt væri að um samband við framliðna væra að ræða. (Sjá einnig Ennýal: Íslenzk heimsfræði og trúin á endurburð, bls. 247–251).

Ýmsar fleiri fyrirspurnir komu fram, og má þó búast við að ýmsar hafi ekki verið fram komnar þegar fundi lauk á áttunda tímanum.

Pökkuðu menn Þór Jakobssyni vel fyrir komuna á fundinn, fyrir erindi hans og umræður, og létu í ljós ósk um gott samband milli Sálarrannsóknafélags Íslands og Félags Nýalssinna.

Pessari frásögn af velheppnuðum fundi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121 má ekki ljúka án þess að minnast á það sem ekki minnstu málí skiptir, en það var undirbúningur þess að hann gæti farið fram. Steingerður Porsteinsdóttir, Kistrún Guðjónsdóttir, Svava Jónsdóttir og Margrét Jóhannsdóttir önnuðust þennan undirbúning, meðal annars það sem að veitingum við kom, ásamt Kristínu Guðmundsdóttur, sem hafði milligöngu um komu tónlistarfólksins. Ingvar Agnarsson sá um auglýsingar og ýmsa kynningu, en Porsteinn Guðjónsson útvegaði kaffivél og hélt sig kunna á hana, en á því varð einhver misbrestur og tafði það fundinn í bili, en var þó bót á ráðin að mestu áður en lauk. Fundinn sátu um 35 manns og hann stóð eins og áður kom fram á fjórða tíma.

Porsteinn Guðjónsson.

Félagsfundur 3. mars 1982

Félagsfundur Nýalssinna var haldinn að Álfhólsvegi 121, 3. mars 1982.

Ingvar Agnarsson setti fundinn kl. rúmlega 9, en síðan las *Porsteinn Guðjónsson* fundargerð febrúarfundar og var hún samþykkt.

Nýr félagi, *Eiríkur Harðarson*, var samþykktur af öllum viðstöddum.

Porsteinn Guðjónsson las draum sem ungan félagsmann hefur nýlega dreymt og ritat upp, og varpar glöggu ljósi á samband meðvitundar draumgjafans og dreymandans.

Pá las *Porsteinn* einnig úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar þátt sem heitir **Sögur úr Áradalsbragnum**, og urðu nokkrar umræður um efni þetta og höfund þess sem er Jón lærði Guðmundsson, merkilegur þjóðlegur fræðimaður um 1600.

Þessu næst bar Ingvar fram tillögu um það að aðalfundur skyldi haldinn 31. marz (sem er afmælisdagur Helga Pjeturss), og hafði sú dagsetning allra samþykki.

Pá var rætt um væntanlegt stjórnarkjör á aðalfundi. Af sjö mönnum í stjórni og varastjórni eiga fjórir að ganga úr, og hafa þrír þeirra skorast undan endurkjöri vegna þess að þeir dveljast nú langt frá vettvangi: Páll Steinarsson, formaður; Guðni Þorvalds-son, varaformaður og Pétur Hermannsson, varamaður.

Steingerður Þorsteinsdóttir bar fram eftirfarandi tillögu að beiðni fundarstjóra, um kjör á aðalfundi:

Formaður: *Ingvar Agnarsson.*

Gjaldkeri: *Guðmundur Jónsson, Kópsvatni.*

Varaformaður: *Þorsteinn Guðjónsson.*

Varamaður: *Svava Jónsdóttir.*

Í stað ritara og annars varamanns, sem eftir þessari tillögu taka ný sæti í stjórninni, eru þessir tilnefndir:

Ritari: *Stefán Geir Karlsson.*

Varamaður: *Birgir G. Georgsson.*

Samkvæmt þessari tillögu yrðu allir stjórnarmenn annaðhvort færðir til eða nýkjörnir, nema Sveinn Baldursson, sem er kjörinn meðstjórnandi til aðalfundar 1983.

Þessu næst kom dagskrárlíðurinn **Önnur mál** og urðu þá nokkrar umræður um eitt og annað.

Fundi var slitið á tólfta tímanum.

Fundinn sátu 10 manns.

*Þorsteinn Guðjónsson,
fundarritari.*

Aðalfundur 31. marz 1982

Aðalfundur Félags Nýalssinna var haldinn að Álfhólsvegi 121, 31. marz 1982, en þann dag var 110 ára afmæli Helga Pjeturss.

Ingvar Agnarsson setti fundinn kl. 21,15 og minntist Bjarna Bjarnasonar í Brekkubæ, Hornafirði, sem nýlátinn er. Bjarni var einn hinn elzti fylgismaður Nýalsstefnunnar og talsmaður hennar um sextíu samfelld ár, og risu fundarmenn úr sætum sínum til þess að votta honum virðingu og þökk.

Ingvar gat þess að fráfarandi formaður, Páll Steinarsson, væri erlendis og gæti því ekki setið þennan fund. Síðan flutti Ingvar skýrslu um félagsstarfið síðastliðið ár, og er hún skráð sérstaklega, en ýmsar umræður eða stuttar athugasemdir um einstök atriði komu fram, og var það allt með jákvæðum og örвandi hætti. Ingvar sagði frá útgáfu Lífgeiska og kostnaði við það starf og nauðsyn fleiri áskrifenda.

Helgi Guðlaugsson flutti stutta skýrslu eða frásögn af starfinu að Njálgsgötu 40.

Gunnar Hjörvar sagði frá því að Gídeonsfélagið ætti góðar stjórnunfræðilitskyggjur og bauðst til að reyna að útvega þær og var því tekið með þökkum. *Guðmundur Jónsson* skýrði frá reikningum félagsins fyrir undangengið ár og var skýrsla hans samþykkt.

Kveðja barst símleiðis til fundarins frá Áshildi Öfjörð, sem minnzt hafði afmælis Helga Pjeturss.

Ingvar lýsti nú yfir stjórnarkjöri. Úr stjórn áttu að ganga Páll Steinarsson, formaður; Guðni Porvaldsson, varafirmaður og Pétur Hermannsson, varamaður og báðust allir undan endurkjöri, og enn fremur Guðmundur Jónsson, gjaldkeri. Tillaga um skipan nýrrar stjórnar var borin upp og var hún á þessa leið:

Formaður:	<i>Ingvar Agnarsson.</i>
Varaformaður:	<i>Porsteinn Guðjónsson.</i>
Gjaldkeri:	<i>Guðmundur Jónsson.</i>
Ritari:	<i>Stefán G. Karlsson.</i>
Ritari:	<i>Porlákur Pétursson.</i>
<i>Meðstjórnandi:</i>	<i>Sveinn Baldursson.</i>
	<i>Sveinn Haraldsson.</i>
Varamaður:	<i>Svava Jónsdóttir.</i>
	<i>Birgir G. Georgsson.</i>
	<i>Skúli Öfjörð.</i>
Endurskoðendur:	<i>Olgeir Möller,</i>
	<i>Ægir Ólafsson.</i>

Pessi tillaga hlaut allra samþykki með lófataki, enda komu engar aðrar tillögur fram. Pétur Gíslason taldi lofsvert að kjörið hefði verið vel undirbúið, en taldi þó að ekki mætti slíkt verða of mikið skipulagt framvegis.

Nýkjörinn formaður, *Ingvar Agnarsson*, kvaddi sér nú hljóðs og sagði frá því, að þau Svava Jónsdóttir og Halldór Pjetursson, sem voru meðal fundarmanna, hefðu fært féluginu að gjöf fimm náttúru-

steina, félagsmönnum til ánægju og fróðleiks, og þökkuðu fundarmenn þá gjöf með lófataki.

Eiríkur Harðarson lagði til að Nýalssinnar færu í sumarferðalag og leigðu sér áætlunar bíl til þeirra nota. *Ingvar* mælti með því að þetta yrði gert, og sagði að vel þegið væri, að einhver tæki að sér að skipuleggja þetta.

Pessu næst flutti *Þorsteinn Guðjónsson* erindi í tilefni af 110 ára afmæli Helga Pjeturss, og talaði um ævistarfs Helga, en kom þó einnig og ekki síður að félagsmálum, framkvæmdum á vegum félagsins og sambandsmálum almennt. Hann lagði áherzlu á að kenning Nýals væri svo víðtæk og stórkostleg að slíkt hætti til að gleymast, meðan hún væri aðeins viðfangsefni dálítis félags, og hann benti á hvað stjörnufræðipættir Carls Sagans í sjónvarpinu hefðu greitt fyrir málefni Nýals meðal almennings hér, þannig að nú væri auðveldara að bera fram þessa skoðun en áður. Mikils virði væri að geta rofið þögnina um þessi efni, á réttan hátt, og að málfrlesið væri mikils virði. *Þorsteinn* sagði frá því, að komið hefði upp sú hugmynd að efna til þings Íslendinga og annarra þjóða manna hér á landi um forn fræði Íslands, Ásatrú, en jafnframt um Nýalsfræði og sambandsfræði yfirleitt. Bað hann menn að íhuga það mál frá ýmsum hlíðum.

Ingvar Agnarsson þakkaði þetta erindi; taldi æskilegt að hafa sambönd við menn erlendis sem væru að leita í rétta átt hvað hugsun snerti og væri það enginn ljóður á ráði Nýalssinna að hafa sambönd við menn af ýmsum trúarbrögðum, þar sem verksvið Nýalsstefnunnar væri jörðin og mannkynið allt.

Gunnar Hjörvar taldi hættulegt að láta málefni Nýals berast til útlendinga. Samkvæmt Rutherford væru Galíleumenn forfeður Íslendinga. Ás- í nafni Ása, Ís- í nafni egypzku gyðjunnar Isis og Ís- í Israel væri sama orðið.

Þorsteinn sagði að ýmislegt væri hægt að ræða um sifjafræði og skyldleika tungumála, en lagði áherslu á að nauðsyn væri að kenning Nýals bærist víðar út, og kæmi víðar við. Í sambandi við trúarbrögð taldi hann það höfuðatriði í afstöðu Nýalssinna að krossfesting Jesú hefði ekki verið æskilegur atburður. Þetta var það, sem ekki átti að verða, sagði hann.

Halldór Pjetursson sagðist halda, að lærisveinar Jesú hefðu ætlað að gera byltingu. Hann minntist á hinum ískyggilegu horfur í heimsmálum, og sagðist setja vonir sínar á það að almennur skilningur á markleysi vopnabúnaðar og hinni miklu hættu, ásamt

fjöldahreyfingu mætti verða til þess að bægja henni frá. Hann bað menn að leggja sig fram um að túlka kenningu Nýals fyrir fólki, og gera því skiljanlegt að líkamlegt framlíf væri hið rétta.

Ingvar þakkaði Halldóri ræðu hans.

Pétur Gíslason sagði: „Ég álít, að sambandið við aðrar stjörnur sé sannað í kenningu Helga Pjeturss. Það sem bjargar þessu máli er, að það verði þekking á því að það sigri sem vísindi. Það er viðfangsefni lækna og líffræðinga að lifað er áfram. Þó er gott verk að kynna kenningu Helga. En menn hafa svo mikla vantrú á þessu, að þeir beina ekki hugsun sinni að því“.

Halldór Vigfússon tók til máls og sagði: „Allt líf byggist á lífaflvæðum. Proski og þróun eru bundin lífaflvæðum. Leiðin liggar inn eftir vetrarbrautinni, í átt að meiri birtu. Ofurbirta er í miðju vetrarbrautar. Þegar maður deyr flytzt hann samkvæmt litbrigðum árunnar, í annað afslvæði. Með mætti hugsans mun mega eyðileggja jafnvel stærstu kjarnorkusprengjur“.

Porsteinn létt í ljós ánægju yfir því hve almenn þátttaka hefði orðið í umræðum. Hann leitaði nú enn eftir fylgi við þá hugmynd að reynt yrði að undirbúa þing með erlendum frædimönnum um norræn forn fræði, fyrirburðafræði og annað skylt, þannig að að þessu stæðu Félag Nýalssinna, Ásatruarfélagið og ef til vill fleiri félög, með það fyrir augum að málefni Nýals fengi þann þrótt í sig sem dygði til áhrifa. Birgir Georgsson, Pétur Hermannsson og og fleiri studdu þetta. Stefán Karlsson spurði hvort fyrir lægju á-kveðnar tillögur um þetta mál en *Porsteinn* kvað svo ekki vera, heldur hefði sér þótt rétt að segja frá þessu máli þegar á byrjunartígi til þess að vita hvernig félögum lititz að það.

Pétur Hermannsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan og velheppnaðan aðalfund. Hann taldi mikilsvert að gefin yrði út almenn stjörnufræðibók á vegum Nýalssinna, þar sem mikil þörf væri á slíku riti, enda mundi það verða féluginu til álitsauka að gefa slíkt út.

Ingvar Agnarsson tók undir þetta og sleit síðan fundi um ellefu-leytið.

*Sveinn Haraldsson
og Porsteinn Guðjónsson.*

Efnahags- og rekstrarreikningur Félags Nýalssinna fyrir árið 1981

Efnahagsreikningur F. N. 31. des. 1981:

EIGNIR:

Peningar í sjóði	Kr.	1.381,48
Innst. í banka nr. 62498	-	310,55
Gíróreikningur 6031 ..	-	3.976,50
Innbú	-	2.400,00
Bókasafn	-	20,00
Verðbréf	-	600,00
Álfhólsvegur 121, hús .	-	517.000,0
-,, - lóðarréttindi	-	57.000,00
Njálgsgata 40, hús	-	442.000,00
-,, - lóð	-	96.000,00
Land í Laugardal	-	94.260,00
Samtals Kr.		1.214.948,53

SKULDIR:

Lánardrottnar	Kr.	12.600,00
Dánargjöf	—	600,00
Skuldabréfalán	—	8.938,64
Endurmatssjóður	—	968.296,36
Höfuðstóll	—	224.513,53
Samtals Kr.		1.214.948,53

Kópsvatni 9. mars 1982.
Guðmundur Jónsson.

Yfirfarið, ekkert fundið athugavert,

*Olgeir Möller,
31/3 1982.*

Rekstrarreikningur F. N. árið 1981

GJÖLD:

Rekstur Álfhólsvegar 121

Orka	Kr.	2.511,20	
Fasteignagjöld	—	2.600,00	
Viðhald	—	14.250,00	
÷ Tekjur	—	<u>750,40</u>	Kr. 18.610,80
Lóð í Laugardal, fasteignagjöld	—		1.379,80
Símagjöld, Álfhólsvegi	—		1.182,05
Gíróseðlar o. fl.	—		359,00
Vextir	—		1.625,17
Rekstur Njálsgötu 40			
Orka	Kr.	1.3337,00	
Fasteignagjöld	—	3.332,00	
Viðhald og endurb. .	—	14.307,90	
Símagjöld	—	338,55	
Ýmislegt	—	108,00	
÷ Samskot á fundum —		2.090,00	
÷ Leigutekjur	—	<u>5.400,00</u>	Kr. 11.933,45
		Samtals Kr.	<u>35.089,47</u>

TEKJUR:

Tekjur af sölu bóka	Kr.	6.773,20	
Árgjöld	—	5.605,00	
Gjafir	—	21.444,20	
Rekstrarhalli	—	1.267,07	
	Samtals Kr.	<u>35.089,47</u>	

Félagsfundur 2. júní 1982

Ingvar Agnarsson formaður félagsins setti fundinn kl. 21,30 að afloknu rindi Péturs Gíslasonar um staðháttarfræði af Eyrarbakka út frá Njálu.

Pví næst hélt *Halldór Pétursson* tvö erindi eða frásagnir. Hið fyrra var „Sveitanaut gengur fyrir ætternisstapa“, en það var frásögn af draumi. Urðu nokkrar umræður um frásögnina. Síðari frásögnin upphaflega sögð af Eiríki Stefánssyni, var saga af sel og fjallaði um ofurmátt móðurástar.

Pessu næst talaði *Ingvar Agnarsson* um stilliáhrif frá sjónvarpi. Útfrá því spunnust umræður um stilliáhrif útværps, lestur bóka, hljóðfaeraleiks, söngs o. fl. og huglæga samstillingu og hreyfanleika.

Nú voru tekin fyrir félagsmál. *Porsteinn Guðjónsson* nefndi að félagið á land sem heitir í Gröf í Laugardal (alls 6 hlutar) og er landeigendafélag um landið óskipt. Fiskiræktarfélagið Laugarlax fer fram á leigu á vatni úr spildu F. N. til fiskiræktar. Nokkrar umræður urðu um landeignina og var samþykkt að beygja sig undir vilja landeigendafélagsins.

Porsteinn upplýsti um klæðningu stjörnusambandshússins að það gengi hægt og nú þyrfти sennilega að leigja dýra menn til þess að klára að klæða húsið. Umræða varð um fjármögnun verksins og kom fram að fjárskortur væri og vildi Pétur Gíslason hvetja til fjárlunar meðal félagsmanna.

Loks svaraði P. G. fyrirspurn frá S. G. um hugsanlegt málþing nýalssinna og innlendra og erlendra ásatrúarmanna. Sagði P. G. að fyrirhugað væri að fyrirsögn þingsins yrði: „Björgun mannkynsins, takmark framtíðarinnar“. Pingið yrði væntanlega haldið á Þingvöllum og setið í hring, s. s. fundarsköp samkv. lögréttu.

Eftirtaldir nýalssinnar kváðust fúsir að maeta fyrir hönd félagsins: Porsteinn, Ingvar, Svava og Stefán.

Gunnar Hjörvar kvaðst ekki koma vegna þess að erlent mál yrði talað á þinginu. Hann lýsti einnig óánægju sinni með nafn fyrirtækisins, sem leigir eign F. N. við Njálgsgötu. Nafn fyrirtækisins er Radion og tilheyrir því ekki sambandsmálinu.

Fundi var slitið kl. 23,15.

10 félagar mættu.

*Stefán G. Karlsson,
fundarritari.*

Félagsfundur 3. nóvember 1982

3. nóv., á fundardegi Félags Nýalssinna, hittust í sambandssal, Álfhólsvegi 121, Sigurður Gíslason, Pétur Gíslason, Sveinn Haraldsson og Þorsteinn Guðjónsson. Hinir þrír síðastnefndu ræddu nokkuð sín á milli um vísindi, vísindamenn og sambandskenningu. Pétur Gíslason sagði: „Ég fór til Norðurlands í sumar og kom á Akureyri. Þar hitti ég Helga Hallgrímsson, forstöðumann náttúrugripasafnsins þar. Það gerði ég samkvæmt þinni tilvísun, Þorsteinn. Ég sagði honum frá mínum hugsunum, þessum sem þið kannist við, um kjarnasýrur og eggjahvíteufni. Hann hlustaði á mig og sagði eitthvað á þá leið að sér þætti gott að kynnast skoðunum manna.

Á ágústfundí Félags Nýalssinna sagði ég frá þessari ferð minni. Frænka míni sem er fyrir norðan sagði mér að þessir menn við náttúrugripasafnið þar væru alvarlegir vísindamenn, tækju vísindastarfsemi sína alvarlega. Það þyrfти að vera meira samband milli þeirra og ykkar hér fyrir sunnan“, sagði Pétur Gíslason. „Þið þurfið að tala saman um málin“.

Ennfremur sagði hann: „Helgi Hallgrímsson sagði að blaðið okkar hér mætti vera vísindalegra“. Þorsteinn Guðjónsson sagði: „Úr því gæti hann bætt með því að skrifa í það“.

Á septemberfundí voru mál rædd.

Á októberfundí ræddi Pétur Gíslason um þá skýringu Þorsteins Jónssonar (í Tunglsgeislum) að saga bíblíunnar um sköpun Evu úr einu rifi Adams, muni eiga rót sína í líkamningar-fyrirbrigði – þar sem líkamningurinn myndast úr efni sem hinn sofandi miðill (Adam) gefur frá sér. Pétur Gíslason lýsti fylgi sínu við þessa skýringu Þorsteins Jónssonar og taldi það raunsæi að skýra þetta þannig.

Á þessum fundi, nóvemberfundinum minntist Pétur einnig á það hve gott væri að vitna í Jesú, þegar verið væri að tala við fólk um NýalsmáI. Hann taldi að Jesú hefði verið vel menntaður að þeirrar tíðar hætti. Hann taldi koma fram gríská heimspeki í Jóhannesarguðspjalli. Þorsteinn minnti á að þrjú af ritum Nýja testamentisins væru kennd við Jóhannesa: Jóhannesarguðspjall, Jóhannesarbréf og Opinberun Jóhannesar. En fræðimenn væru ekki á eitt sáttir hvort þessi rit væru eftir einn mann, two eða þrjá.

Sveinn Haraldsson minnti á það sem kemur fram í Pónýal, að í Gyðingasögu Jósefusar væru nefndir ellefu Jesúsar, en þó væri enginn þeirra sá Jesús sem kristin kirkja rekur uppruna sinn til. En þó er saga Jósefusar einmitt um það tímabil sem Jesús lifði á. Einnig var þarna minnzt á Bar-Jesús þann sem létt líf sitt í viðureign við Pál frá Tarsos, en Bar-Jesús þýðir sonur Jesú.

Pétur Gíslason mælti með því að menn drykkju súrmjólk, og þá gjarnan á undan öðrum mat ef fleiri réttir væru. „Sjáið mig – ég er að verða 82 ára og hef aldrei verið orkumeiri en nú“.

Samtali þessara manna lauk um kl. ellefu.

Á þessum fundi gaf Pétur Gíslason félagi Nýalssinna hina nýju brezku alfræði: Encyclopaedia Britannica. Ef um kennslu verður að ræða á vegum félags Nýalssinna, er þarna undirstaða og tilvísun til ýmislegs fróðleiks.

Porsteinn Guðjónsson sagði frá framkvæmdum við húsið Álfhólsvég 121, sem Félag Nýalssinna á að hálfu, en hann sjálfur að hálfu. Þær framkvæmdir eru dýrar sagði hann og sagðist leggja sjálfur út fyrir þeim, en litlar líkur til endurgreiðslu af hálfu félagsins, því að það er fátækt og hefur lagt fé sitt í annað. „Ekki er víst að svo sé“, sagði Pétur Gíslason, „líklegra er hitt að þú fáir endurgreiddan hvern eyri“, sagði hann.

Samtali þessara manna lauk um kl. 22,35.

Porsteinn Guðjónsson.

Viðbót. Einhverntíma á fundinum minntist Pétur Gíslason á hinum tvær ólíku tegundir kolsýrulofts: koleinsýrling (C-O) og koltvísýring (C-O₂). Koltvísýrlingur er skaðlaust og nytsamt efni, en koleinsýringur er banvænt efni. Koleinsýringur myndast við bruna í eðlilegu lífi eðlilegra lífvera, en djöflarnir anda frá sér koleinsýringi. Af þessu leiddi umræður um reiðina og hinum óhollu afleiðingar hennar fyrir líkamann.

P. G.

Félagsfundur desember 1982

féll niður vegna veikinda formanns og fjarveru annarra, sem annars áttu að sjá um hann.

EFNISYFIRLIT:

Sverðbjarminn. (Sjá forsíðumynd) I. A. Bls. 2

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 3. febrúar 1982	—	3
Kynningarfundur 7. febrúar 1982	—	3
Erindi: Þór Jakobsson.		
Félagsfundur 3. mars 1982	—	6
Aðalfundur 31. mars 1982	—	7
Efnahags- og rekstrarreikningur F. N. fyrir árið 1981	—	11
Félagsfundur 2. júní 1982	—	13
Félagsfundur 3. nóvember 1982	—	14
Félagsfundur í desember 1982	—	15

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.